

86
16 okt.

GJALDSKRÁ

fyrir

rafveitu Búðakauptúns, Fáskrúðsfirði.

1. gr.

Rafveita Búðakauptúns selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Um kílóvattstundamæli:

1. Til ljósa á 60 aura hverja kílóvattstund.
2. Til iðnaðar á 25 aura hverja kílóvattstund.
3. Til suðu og hitunar á 12 aura hverja kílóvattstund.

B. Um hemil:

1. 40 aura fyrir hvert watt yfir árið.
2. 20 aura fyrir hvert watt yfir árið fyrir orku þá, sem er fram yfir 25 watt á hvert lampastæði innanhúss, og 40 watt á hvert lampastæði utanhúss, að tenglum meðtöldum.

2. gr.

Rafmagnsgjöld eftir mæli ber að greiða mánaðarlega um leið og lesið er af mælinum. Rafmagnsgjöld eftir hemil skulu greidd eftir á fyrir ársfjórðung í senn.

3. gr.

Rafveitan leigir notendum hemla og mæla. Leiga fyrir hemil er ein króna fyrir hvern ársfjórðung, en fyrir mæli kr. 1,50.

4. gr.

Raforku þá sem afgangs er, er rafveitunefnd, í samráði við hreppsnefnd, heimilt að selja til bráðabirgða, eftir sérstökum samningi. —

5. gr.

Sé gjald fyrir raforku eigi greitt innan 14 daga frá gjald-daga, má rjúfa samband við hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyrr en þrem dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum, eða afhent í húsnæði því, er lögnin er í.

Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

6. gr.

86

Hreppsnefndinni er heimilt, án frekari staðfestingar ráðuneyt-^{16. okt.}isins, að hækka eða lækka gjöld fyrir notkun rafmagns um allt að 25% frá því, sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Búðahrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð, samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. nóvember 1929, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. oktbr. 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

87

19. okt.

um

viðauka við reglugjörð 1. febrúar 1928, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Veita má manni ökuskírteini enda þótt hann sé blindur á öðru auga eða sjónskerpan sé minni en 6/24, ef hitt augað er óskemmt og með fullri sjónskerpu (6/6 án gleraugna), þegar hlutaðeigandi hefur verið sjónlaus á öðru auga eða með lamaða sjónskerpu á því í meira en hálf ári. Ökuskírteini fyrir mann með þannig lamaða sjón, er heimili honum að stýra tvíhjóra bifreið eða einmennings þríhjóra bifreið, má aðeins veita með því skilyrði, að hann noti jafnan, er hann stýrir bifreiðinni, hlífðargleraugu (þ. e. venjuleg stór gleraugu, ekki bifreiðargleraugu). Skírteini þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, veita ekki heimild til þess að stýra bifreið, sem notuð er til almennra mannflutninga.

Reglugjörð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 56, 15. júní 1926, gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. október 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.